

Bæjarráð - FW: Fyrstu þrjú mánuðir Blábankans: 25 viðburðir, gervigreind, japönsk byggðarpróun og bætt þjónusta í Dýrafirði.

Til : Hjördís Þráinsdóttir
Frá : Gísli Halldór Halldórsson
CC : Þórdís Sif Sigurðardóttir
Heiti : Bæjarráð - FW: Fyrstu þrjú mánuðir Blábankans: 25 viðburðir, gervigreind, japönsk byggðarpróun og bætt þjónusta í Dýrafirði.
Málsnúmer : 2015100017
Málsaðili : Ísafjarðarbær
Skráð dags : 15.12.2017 15:54:13
Höfundur : Gísli Halldór Halldórsson

From: Blábankinn [mailto:info=blabankinn.is@mail149.sea22.mcdlv.net] **On Behalf Of** Blábankinn

Sent: 15. desember 2017 12:28

To: Gísli Halldór Halldórsson

Subject: {Disarmed} Fyrstu þrjú mánuðir Blábankans: 25 viðburðir, gervigreind, japönsk byggðarpróun og bætt þjónusta í Dýrafirði.

Fyrstu þrjú mánuðirnir

Fréttabréf Blábankans

Blábankinn opnaði þann 20. september og hefur því starfað í tæpa þrjú mánuði. Mikil þátttaka hefur verið í starfinu, bæði frá heimafólki og gestum í Dýrafirði.

Viðburðir

Frá opnun hafa verið haldnir 25 viðburðir í eða á vegum bankans, frá námskeiðum til funda, kynninga, tónleika og sýninga. Þátttakendur hafa verið um 300, auk þess sem á annað hundrað mættu á opnunina sjálfa.

Nýsköpun

Tækni, lýðræði og gervigreind

Innan veggja Blábankans fer fram verkstjórn á tveimur nýsköpunarverkefnum undir merkjum Karolina Fund. Annarsvegar verkefni stutt af Tækniþróunarsjóði sem miðar að því að nýta [gervigreind við fjármálatækni](#) og hinsvegar [rafrænt lýðræðisverkefni](#) að frumkvæði finnskra stjórnvalda. Sérfræðingar á sviði vélnáms, forritunar og markaðssetningar hafa dvalið í Blábankanum við þessi verkefni.

Stafræn framleiðsla og japönsk byggðarþróun

Arkitektinn [Yasuaki Tanago](#) hefur undanfarið unnið verkefni sem lítur að því að nýta reynslu japana af byggðarmálum dreyfðari byggða á Þingeyri. Þá hefur [FabLab á Ísafirði](#) unnið með Blábankanum við að setja upp sköpunarsmiðju og m.a. staðið á kynningu á þrívíddarprentun.

Þjónusta

Blábankinn hefur gert samstarfssamninga við Landsbankann, Ísafjarðarbæ, Bókasafnið Ísafirði og VerkVest um aukna þjónustu við íbúa Dýrafjarðar sem framkvæmd er af starfsfólki Blábankans. Þá veitir Blábankinn almenna tölvuaðstoð tvisvar í viku.

Vertu með!

Blábankinn er tilraunaverkefni á Þingeyri sem miðar að því að leggja grunn að félags- og efnahagslegri nýsköpun. Hægt er að fylgjast með framgangi verkefnisins á Facebook hópnum [Blábankinn á Þingeyri](#) en einnig er starfrækt enskumælandi facebook síða [The Blue Bank](#).

Allir eru velkomnir að heimsækja Blábankann á [opnunartímum](#). Einyrkjar, fyrirtæki og stofnanir geta leigt sér skrifstofu eða fundarpláss í rýminu. Reynt er að aðstoða við nýsköpunarverkefni og hugmyndir sem leitað er með til bankans.
